



# ÖKUKENNARAFÉLAG ÍSLANDS

ISLANDS TRAFIKSKOLE UNION / THE ICELANDIC UNION OF DRIVING SCHOOLS ASSOCIATIONS

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 127 / 1284  
komudagur 15.03.2002

Reykjavík 15. mars 2002

## Frumvarp til breytingar á umferðarlögum, 140. mál, hægri beygja á móti rauðu ljósi.

Eftirfarandi er umsögn Ökukennarafélags Íslands um ofangreint frumvarp.

Mælt er eindregið gegn þeirri breytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Helstu rök fara hér á eftir:

- ✓ Svo mikill munur er á umferðarmenningu og umferðarlegu uppeldi hér á landi og í Ameríku að óraunhæft er að gera þann samanburð sem framleggendur frumvarpsins gera.
- ✓ Okkur vitanlega er hvergi í Evrópu leyft að taka hægri beygju á móti rauðu ljósi. Samskipti okkar að þessu leyti eru mun meiri við Evrópu en Ameríku enda er Ísland í samstarfi Evrópuþjóða og tekur upp Evrópureglur og staðla.
- ✓ Akstur á móti rauðu ljósi telst til alvarlegri umferðarlagabrota. Samt sem áður eru þessi brot til staðar og er mætt með löggæslu eins og sjálfvirkum myndavélum. Það að mega við vissar aðstæður aka á móti rauðu ljósi mundi augljóslega auka virðingarleysi við umferðarljós og þar með annan akstur á móti rauðu ljósi. Samhliða myndu slysa aukast í sama hlutfalli.
- ✓ Ekki er til neitt umferðarmerki sem segir til um það að beygja megi eða að beygja megi ekki til hægri á móti rauðu ljósi. Það hljóta að verða tilvik þar sem ekki væri hægt að leyfa beygjuna á móti rauðu ljósi (í Ameríku leyst með textaskilti "No right turn on red light").
- ✓ Nokkuð er um að hér sé sérstök akrein fyrir hægri beygju fram hjá umferðarljósum og er það góð lausn þar sem því verður við komið.
- ✓ Ökumenn sem beygja á ljósastýrðum gatnamótum sýna oft virðingarleysi gagnvart gangandi vegfarendum. Verði ökutækjum til viðbótar leyft að beygja til hægri á móti rauðu ljósi yrði öryggi gangandi vegfaranda enn minna og gangandi umferð mundi aukast yfir akbrautir milli gatnamóta þar sem hraðinn er meiri og slysaætla að sama skapi meiri.

Virðingarfyllst,

Þorvaldur Finnbogason  
ritari stjórnar

Aðsetur:	Póstfang:	Pósthólf 9164	Sími:	Fax:	Kennitala:
Parabakki 3	109 Reykjavík		567 0300	567 0370	420369-6709
Office:	Mailing address:	129 Reykjavík	Telephone:	Telefax:	E-mail:
Tharabakki 3	IS-109 Reykjavík		354 567 0300	354 567 0370	okukfel@simnet.is